

Erindisbréf Samgöngu- og innviðanefnd SSNV

1.gr.

Á 29. ársþingi SSNV þann 16. apríl 2021 var samþykkt að skipa samgöngu- og innviðanefnd sem skipuð yrði fulltrúum allra sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi. Í greinargerð með samþykkt þingsins segir eftirfarandi:

Vinnu við gerð núgildandi samgöngu- og innviðaaáætlun Norðurlands vestra lauk í júní 2019. Síðan þá hefur verið ráðist í nokkrar framkvæmdir sem tilgreindar voru í áætluninni auk þess sem áherslur einstakra sveitarfélaga kunna að hafa breyst. Því er ástæða til að hefja vinnu við að taka upp áætlunina að nýju, enda henni ætlað að vera lifandi plagg svo hún þjóni tilgangi sínum.

2.gr.

Hlutverk starfshópsins skv. samþykkt ársþings að yfirfara gildandi samgöngu- og innviðaaáætlun Norðurlands vestra og uppfæra eftir þörfum. Skal endurnýjuð áætlun lögð fyrir ársþing SSNV 2022.

4.gr.

Framkvæmdastjóri og starfsmenn SSNV vinna með hópnum eins og þurfa þykir. Starfsmenn SSNV færa fundargerð í tölvu og undirbúa fundi í samráði við formann vinnuhópsins og aðstoða við upplýsingaöflun. Hópurinn getur kallað til sín gesti á fundi. Hópurinn hefur ekki heimild til að stofna til fjárútláta vegna starfa sinna nema með sérstöku samþykki stjórnar SSNV.

5.gr.

Vinnuhópurinn fær greitt samkvæmt nefndataxta SSNV. Starfsmenn sveitarfélaga sem í nefndinni sitja fá ekki greitt fyrir fundarsetu á vinnutíma sínum. Hafa skal sem viðmið að hópurinn fundi allt að fjórum sinnum á starfstímanum. Heimilt er að halda fundi í rafrænum kerfum eða í síma. Af umhverfis- og kostnaðarsjónarmiðum eru nefndarmenn beðnir um að samnýta ferðir til funda eftir föngum sé um staðarfundi að ræða.

Norðurlandi vestra 4. júní 2021